

Stjórnarfundur LSG (8)

Landeigendafélag Sléttu – og Grunnavíkurrepps

11.5.2020

Kl. 17:30

Boðaður af	Ingvi Stígsson formaður	Fundur	Stjórnarfundur nr. 8
Fundarstaður	Google meet	Fundarritari	Gunnar H. Kristjánsson
Viðstaddir:	Ingvi Stígsson formaður (IS), Gunnar H. Kristjánsson (GHK) stjórnarmaður, Margrét Katrín Guðnadóttir (MKG) stjórnarmaður, Halldóra Kristinsdóttir (HK) varamaður, Sigrún Þorvarðsdóttir (SP) varamaður		

Fundargerð

Fundarliður 1:	Aðalfundur 2020
Niðurstöður:	Aðalfundi sem á að halda í maí á hverju ári verður seinkað vegna Covid 19 og er fyrirhugaður 3. sept kl. 17:00. Reynt verður að fá sal Garðyrkjufélagsins.
Fundarliður 2:	Endurskoðun Aðalskipulags - rammaskipulag - staða
Niðurstöður:	Aðalskipulag rennur út árið 2020. Lítið hefur gerst hjá Ísafjarðarbæ varðandi vinnu við endurnýjun á skipulaginu. Tryggja þarf að fulltrúi frá hverju svæði taki þátt í þessari vinnu þegar hún fer af stað.
Fundarliður 3	Hornstrandanefnd
Niðurstöður:	Til upplýsingar frá Ingva: Það stendur til að opna Hornstrandastofu við Silfurgötu. Búið er að vinna að gerð sýningar. Verið er að gera nýtt göngukort fyrir Hornstrandir. Þar á að fækka göngugötum miðað við það sem er nú til. Lögð verður áhersla á gömlu þjóðleiðirnar. Umhverfisstofnun er að reyna að takmarka ásókn kvikmyndahópa á Hornbjarg. Það er að bætast í viðveru landvarða. Hornstrandanefnd verður áfram umsagnaraðili varðandi byggingarframkvæmdir þó búið sé að segja upp samningi við Umhverfisstofnun.
Fundarliður 4	Strandsvæðaskipulag
Niðurstöður:	Samþykkt að strandsvæðaskipulag verði auglýst meðal félagsmanna.
Fundarliður 5	Önnur mál
Niðurstöður:	Til upplýsingar frá Ingva: Óbyggðarnefnd framlengdi frest til 15. maí en þá á á að koma í ljós hvort Ríkið geri kröfur um land eða landsvæði í Sléttu- og Grunnavíkurreppi. Ný lög félagsins frá 2019 verða birt fyrir mánaðarmót maí-júní á vef félagsins. Ákveðið að hafa næsta stjórnarfund 20. maí kl. 17:30.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 18:15.